

1993 nr. 22 29. mars**Lög um Skálholtsskóla**

Tóku gildi 7. apríl 1993.

■ **1. gr.** Skálholtsskóli er kirkjuleg menningar- og menntastofnun, í eigu Þjóðkirkju Íslands og starfar á grunni forrarr skólahefðar í Skálholti og norrænnar lýðháskólahefðar.

□ Kirkjuráð ber stjórnunarlega og fjárhagslega ábyrgð á rekstri skólans fyrir hönd Þjóðkirkju Íslands. Gerður skal samningur um þátttöku ríkissjóðs í rekstri hans.

■ **2. gr.** Markmið Skálholtsskóla er að efla tengsl kirkju og þjóðlífs og stuðla að sem víðtækustum áhrifum kristinnar trúar og kristinnar menningar í íslensku þjóðlífi. Skólinn skal leitast við að efla þjóðkirkjuna, m.a. með fræðslu starfsmanna hennar.

■ **3. gr.** Skólinn skal einkum starfa á eftirgreindum sviðum:

- a. Guðfræðisviði.
- b. Kirkjutónlistarsviði.
- c. Fræðslusviði.

□ Sviðin skulu nánar skilgreind í samþykktum skólans, sbr. 4. gr.

■ **4. gr.** Kirkjuráð skipar skólaráð Skálholtsskóla til fjögurra ára í senn.

□ Nánari ákvæði um starf og rekstur Skálholtsskóla skulu tilgreind í samþykktum hans sem kirkjuráð setur.

■ **5. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. . . .

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Lög þessi skulu endurskoðuð innan fjögurra ára með hliðsjón af endurskoðun samkomulags um rekstur Skálholtsskóla, dags. 1. desember 1992.